

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Kjósarhreppi, nr. 1166/2010.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Rotþróargjald fyrir árið 2017 skal vera kr. 10.000 og er árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, sumarhús og annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð og losuð á þriggja ára fresti og miðast álagt gjald við að kostnaður við hverja hreinsun og losun sé kr. 30.000. Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rotþróar er innheimt sérstakt gjald sem nemur kr. 30.000.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 10. nóvember 2016, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Kjósarhreppi, 31. janúar 2017.

Guðný G. Ívarsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. febrúar 2017